



## Reglur um skólaakstur í grunnskólum Fjarðabyggðar

Um skólaakstur í Fjarðabyggðar gilda reglur skv. 22. gr. laga um grunnskóla og reglur menntamálaráðuneytis um skólaakstur nr. 656/2009 með síðari breytingum ásamt eftirfarandi sérákvæðum. Reglur þessar taka til skipulags skólaaksturs milli heimilis og grunnskóla. Með skólaakstri er í reglum þessum átt við akstur á milli heimilis og grunnskóla innan skólahverfis. Heimili í reglum þessum merkir skráð lögheimili nemenda.

### 1. Ábyrgð.

Sveitarfélagið ber ábyrgð á öryggi, velferð og hagsmunum nemenda í skólaakstri og að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi. Sveitarfélagið ber allan kostnað á skólaakstri samkvæmt samningum þar um og reglum þessum. Þegar um er að ræða tímabundna vistun fósturbarns, ber lögheimilisveitarfélag kostnað af skólaakstri. Sveitarfélagið gerir samning við bifreiðastjóra og gerir kröfu um að komið sé fram við börnin af virðingu

### 2. Akstursáætlun

Skólastjóri í samvinnu við stjórnanda fræðslumála leggur fram áætlun um skólaakstur við upphaf hvers skólaárs. Skólaakstur skal skipulagður í samræmi við þarfir nemenda með hliðsjón af öryggi þeirra, velferð og umhverfisaðstæðum, svo sem fjarlægðar milli heimilis og skóla. Daglegum skólaakstri ber að haga með þeim hætti að nemendum sé ekið heim sem fyrst eftir að skóladegi lýkur.

### 3. Samningar um skólaakstur.

Tilhögun skólaaksturs getur verið með tvennum hætti:

**3.1.** Gerðir eru samningar við verktaka um ákveðnar sérleiðir sem eru nánar tilgreindar. Bæjarstjórm ákveður hvort leiðir séu boðnar út eða tilboða sé leitað.

**3.2.** Þar sem aðstæður krefjast þess svo sem vegna erfiðra heimvega, fjarlægðar einstakra býla eða vegna þess að ekki er hægt að koma upp áætlunarferðum skólabifreiða er heimilt að semja við forráðamenn um þátttöku í skólaakstri gegn þóknun, sem miðast við reglur í **fylgiskjali 1**. Heimilt er að endurskoða samninga við forráðamenn í upphafi hverrar annar ef aðstæður breytast. Samningar við forráðamenn skulu vera uppsegjanlegir. Fyrirkomulaginu er ætlað að tryggja öryggi barna að skólabíl eða í skóla eftir atvikum. Samninga við foreldra ber að staðfesta í Fjölskyldunefnd Fjarðabyggðar að fenginni umsögn skólastjóra viðkomandi skóla.

### 4. Öryggi og búnaður skólabifreiða.

Skólabílstjóri skal sjá til þess að nemendur séu í öryggisbeltum og skal ekki leggja af stað fyrr en öll öryggisatriði hafa verið uppfyllt. Skólabílstjóri í samráði við skólastjóra leggur mat á hvort aðstæður séu með þeim hætti, t.d. vegna veðrátta eða ófærðar, að breyta þurfi út frá fyrirliggjandi áætlun um daglegan skólaakstur. Skólastjóri upplýsir hlutaðeigandi aðila. Skólastjóri metur hvort þörf sé á gæslumanní í skólabíl með hliðsjón af öryggi, fjölda, aldri nemenda og samsetning, vegalengd og öðrum aðstæðum. Skólabílstjóra ber að sýna sérstaka aðgát áður en nemendum er hleypt út úr skólabíl og forðast að bakka á skólalóð. Samkvæmt 6. gr. reglugerðar um notkun öryggis- og verndarbúnaðar í ökutækjum nr. 348/2007 er leyfilegt í hópbifreið að nota þann öryggis- og verndarbúnað fyrir börn sem er til staðar í bifreiðinni. Foreldrar geta óskað eftir að nota bílstól barns síns í skólabíl ef hægt er að koma



því við, í samráði við skólabílstjóra. Bifreiðastjóra ber að sýna sérstaka aðgát áður en nemendum er hleypt inn eða út úr skólabifreið.

### **5. Farþegar - foreldrar**

Nemendum ber að hlíta fyrirmælum, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin, sbr. 14. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008. Að öðru leyti eiga skólareglur, skv. 30. gr. nr. 91/2008 um grunnskóla, við um framkomu og háttsemi nemenda í skólaakstri. Fara skal með brot á skólareglum skv. 14. gr. sömu laga. Foreldrum er skyld að láta skólabílstjóra vita tímanlega ef nemandi forfallast og þarf ekki á skólaakstri að halda. Ef foreldri vill senda barn sitt með skólabíl, sem aukafarþega, skal fá samþytti skólabílstjóra fyrir því með góðum fyrirvara. Skólabílstjóra er ekki skyld að taka aukabúnað með í skólabílinn.

### **6. Leikskólabörn**

Skólabílstjóra er heimilt að flytja leikskólabörn. Þetta á við ef dagleg akstursleið lengist ekki og pláss er í bílnum. Foreldrar leikskólabarna skulu óska eftir þjónustunni til viðkomandi bílstjóra fyrir 15. ágúst vegna komandi vetrar. Börnin skulu sitja í viðurkenndum bílstólum sem foreldrar útvega og bera kostnað af. Bílstjórar skólabíla bera ábyrgð á að fylgja leikskólabörnunum til leikskólastarfsfólks og að þau séu sótt síðdegis.

### **7. Bifreiðastjóri skólabifreiða.**

Bifreiðastjóri skilgreindra skólabifreiða skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla. Verktaka er skyld að tryggja að viðeigandi gögn séu lögð fram framangreindu til staðfestingar. Ákvæði um þagnarskyldu starfsfólks skóla og tilkynningarskyldu til barnaverndaryfirvalda taka til bifreiðastjóra skólabifreiðar þó að hann sé ekki starfsmaður sveitarfélags. Í samningi Fjarðabyggðar um skólaakstur á þess vegum skal kveðið sérstaklega á um hæfi og skyldur bifreiðastjóra. Óheimilt er að ráða bifreiðastjóra til skólaaksturs eða gæslumann, sbr. 3. mgr. 5. gr., sem hlotið hefur refsídóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við afgreiðslu verktaka á umsókn um starf bifreiðastjóra eða gerð verktakasamnings skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild til stjórnda fræðslumála til þess að afla upplýsinga úr sakaskrá, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

### **8. Nemendur með fötlun**

Nemendur sem sökum fötlunar geta ekki nýtt sér hefðbundinn skólaakstur eiga rétt á ferðaþjónustu til og frá skóla, skv. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks, þeim að kostnaðarlausu.

### **9. Um meðferð ágreiningsmála.**

Telji foreldri einhverju áfátt í fyrirkomulagi skólaaksturs eða að á rétti barns sé brotið getur það leitað leiðréttингar hjá hlutaðeigandi skólastjóra, stjórnda fræðslumála eða bæjarstjóra. Fáist ekki viðunandi lausn ber að vísa málinu til Fjölskyldunefndar Fjarðabyggðar.

### **10. Samningsgerð**

Stjórndi fræðslumála í Fjarðabyggð ber ábyrgð á samningagerð samkvæmt þessum reglum og ber að vísa samningum til umsagnar í Fjölskyldunefndar.



### Fylgiskjal 1.

Viðmið fyrir þóknun til forráðamanna vegna skólaaksturs.

1. Ekki er greitt fyrir skólaakstur í þéttbýli né skólaakstur þeirra barna í dreifbýli sem hafa lögheimili innan við 3 km frá skóla.
2. Greiddir eru allir eknir km frá heimili að akstursleið skólabifreiðar eða í skóla ef svo ber undir, sbr. 3. tölulið.
3. Greiðsla fyrir akstur tekur mið af akstursgjaldi ríkisstarfsmanna á hverjum tíma.

A handwritten signature in blue ink, likely belonging to the author or a representative of Fjarðabyggð, is located in the bottom right corner of the page.



**11. Gildistaka.**

Viðmiðunarreglur þessar taka gildi við staðfestingu bæjarstjórn Fjarðabyggðar og skulu þær vera aðgengilegar á vcf svcitarfélagsins og endurskoðuðar eigi sjaldnar en **fimm ára** fresti.



Samþykktar í fjölskyldunefnd 13. maí 2024

Samþykktar í bæjarráði 22. maí 2024

Staðfestar í bæjarstjórn 6. júní 2024